



# STEFNIR

Ársreikningur 2016

Stefnir hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	4
Áritun óháðra endurskoðenda .....	7
Rekstrarreikningur .....	9
Efnahagsreikningur .....	10
Sjóðstreymisyfirlit .....	11
Skýringar .....	12
Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2017 .....	17
<b>Ársreikningur Verðbréfasjóða .....</b>	<b>21</b>
Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða .....	22
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur .....	23
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur .....	29
Stefnir - Erlend hlutabréf .....	35
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður óverðtryggður .....	43
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð .....	48
Stefnir - Ríkisvíaslasjóður .....	53
Stefnir - Kjarabréf .....	59
Stefnir - Scandinavian Fund .....	65
Skýringar með ársreikningi verðbréfasjóða .....	72

# Efnisyfirlit, frh.

---

<b>Ársreikningur Fjárfestingarsjóða .....</b>	<b>76</b>
Samandreginn ársreikningur fjárfestingarsjóða .....	77
Stefnir - ÍS 15 .....	78
Stefnir - Eignastýringarsjóður .....	84
Eignaval A .....	90
Eignaval B .....	96
Eignaval C .....	103
Eignaval - Hlutabréf .....	110
Stefnir - Samval .....	117
Stefnir - Lausafjársgjóður .....	124
Stefnir - Skuldabréfaval .....	130
Eignaval - Erlent .....	136
Skýringar með ársreikningi fjárfestingarsjóða .....	141

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða. Einnig stýrir félagið eignum nokkurra samlagshlutafélaga sem stofnuð hafa verið um framtaksfjárfestingar. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrtæki landsins með um 408 milljarða króna í virkri stýringu. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A-hluti ársreiknings hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Stefnis hf. og B-hluta sem inniheldur ársreikning verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

## Starfsemi á árinu

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu að fjárhæð 741,3 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins nam tæpum 2,5 milljörðum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 75,0% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfé félagsins nam í upphafi og lok tímabilsins 43,5 milljónum kr. og var það allt í eigu Arion banka hf. og tengdra félaga.

## Helstu atburðir í rekstri félagsins á árinu 2016.

Aðalfundur félagsins var haldinn 10. mars 2016 og þar var tekin ákvörðun um 1 milljarðs króna arðgreiðslu til hluthafa Stefnis. Stjórn Stefnis sem kjörin var á fundinum er skipuð Hrund Rudolfsdóttur sem er stjórnarformaður, Kristján Jóhannssyni sem er varaformaður stjórnar, Jökli Heiðdal Úlfssyni, Ragnhildi Sophusdóttur og Þórði Sverrissyni sem eru meðstjórnendur. Svava Bjarnadóttir gekk úr stjórn Stefnis þar sem hún hafði átt sæti frá árinu 2009.

Stefnir er „Fyrirmyndarfyrtæki í góðum stjórnarháttum“ og hefur stjórn og starfsfólk félagsins stuðlað að vitund og umræðu um stjórnarhætti á árinu. Vert er að minnast á nokkra þætti í því sambandi. Stjórn Stefnis hefur stutt við rannsóknir í háskólasamfélaginu á sviði góðra stjórnarháttanna, styrkt ráðstefnu um góða stjórnarhætti í minni og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi og tveir stjórnarmenn félagsins þau Hrund Rudolfsdóttir og Kristján Jóhannsson eru leiðbeinendur í námslínu Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti „Góðir stjórnarhættir – Viðurkenndir stjórnarmenn“.

Stefnir hefur hlotið viðurkenningu frá Creditinfo sem eitt af framúrskarandi fyrirtækjum samfelld frá árinu 2011. Það er ánægjuefni að félagið teljist til þeirra fyrirtækja sem efla íslenskt atvinnulíf.

Eignir í virkri stýringu hækkuðu á árinu um rúma 8 milljarða króna eða úr tæpum 400 milljörðum króna í tæpa 408 milljarða króna. Breyting á eignum í stýringu felst helst í aukningu í sérhæfðum afurðum og skuldabréfum, en hlutabréfasjóðir og sjóðir með áherslu á hlutabréf minnka lítillga á árinu. Mikil ásókn hefur verið í Stefni – Lausafjárjóði sem einstaklingar og fyrirtæki nýta til ávöxtunar fjármuna til styttri og lengri tíma en sjóðurinn stækkaði um tæp 70% á árinu. Dreifing eignaflokka í eignum í stýringu er góð og tekjusatsetning félagsins er í samræmi við markmið stjórnar.

Stefnir hefur verið í fararbroddi við þróun nýrra afurða fyrir viðskiptavinum sína. Breytilegt fjárfestingarumhverfi kallar á að sérfræðingar félagsins séu reiðubúnir að mæta breyttum áherslum fjárfesta með nýjum fjárfestingarkostum eða við stýringu sjóða. Á árinu var stofnaður nýr fagfjárfestingsjóður ST1 sem fjárfestir í dreifðu safni skuldabréfa eða lánasamningum með veði í fasteignum útgefnum af einstaklingum eða lögaðilum. Endurskoðun vöruframboðs er einnig liður í að aðlaga félagið að breyttum áherslum viðskiptavina, Stefnir – Ríkisvixlasjóður var sameinaður Stefni – Ríkisbréfasjóði óverðtryggðum og voru tveir erlendir sjóðir í stýringu Stefnis sameinaðir þegar KMS – Emerging Markets sameinaðist KMS – Global Equity.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

---

Sjóðir Stefnis eiga margir hverjir langa og farsæla ávöxtunarsögu. Einn þeirra er fjárfestingarsjóðurinn Stefnir – Samval sem fagnaði 20 ára samfelldri rekstrarsögu á árinu 2016. Þrátt fyrir sveiflur og skakkaföll á fjármálamörkuðum hefur stýring sjóðsins jafnan gengið vel til lengri og skemmri tíma lítið. Sjóðurinn er einn fjölmennasti sjóður landsins og eru sjóðfélagar í sjóðnum nú um 4.000 talsins. Margir þeirra hafa um árabíl verið skráðir í reglulegan sparnað í sjóðnum.

Innlendir hlutabréfasjóðir hafa notið vinsælda síðastliðin ár sem fjárfestingarkostur samhliða endurreisn íslensks hlutabréfamarkaðar sem Stefnir hefur tekið virkan þátt í. Framtakssjóðir í rekstri félagsins hafa verið öflugt hreyfið á innlendum fyrirtækjamarkaði. Á árinu lauk vel heppnuðu hlutafjárútboði Skeljungs hf. þar sem SF IV slhf., félag í rekstri Stefnis seldi hlut sinn. Blandaðir sjóðir í rekstri Stefnis hafa einnig notið góðs af þátttöku í sérhæfðum fjárfestingum en með þeim hætti eykst aðgengi fjárfesta að fjárfestingarkostum sem alla jafna standa minni fjárfestum ekki til boða.

Stefnir hefur verið leiðandi í framtaksfjárfestingum og sérhæfðum afurðum á Íslandi um árabíl. Þörfin fyrir fjölbreytta fjárfestingarkosti er augljós og hafa afurðir Stefnis mætt þessari eftirspurn með ábyrgum fjárfestingarkostum sem henta eignasöfnum fagfjárfesta. Stefnir rekur og stýrir bæði innlendum og erlendum framtakssjóðum og eru lífeyrissjóðir, tryggingarfélag og önnur fjármálafyrirtæki helstu eigendur sjóðanna. Á árinu lauk fjármögnun 12,8 milljarða fagfjárfestastjóðs, SÍA III slhf., sem mun fjárfesta í hlutafé óskráðra fyrirtækja með það að markmiði að taka þátt í uppbyggingu, vexti og virðisaukningu þeirra. Fyrsta fjárfesting sjóðsins var í félagi sem verður eigandi fasteignar og rekstrar Marriott EDITION hótelsins við Austurhöfn.

Sérstaða Stefnis í stýringu erlendra hlutabréfasjóða er umtalsverð meðal innlendra fjármálafyrirtækja. Teymi sérfræðinga sem fylgist með efnahagsþróun og skráðum erlendum fyrirtækjum er reynslumikið. Nú þegar reglur um fjárfestingu í erlendum fjármálagerningum hafa verið rýmkaðar er tækifæri fyrir einstaklinga og fyrirtæki að dreifa áhættu með fjárfestingu í erlendum fjármálagerningum. Erlendir sjóðir í stýringu Stefnis er ákjósanlegur kostur til áhættudreifingar fyrir innlenda fjárfesta og sparifjäreigendur.

Stjórn Stefnis leggur til við hluthafa félagsins að greiddur verði arður vegna ársins 2016 að upphæð 890 mkr.

## Áhættustýring

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstöðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn Stefnis hefur kortlagt áhættur í rekstrarumhverfi Stefnis. Greining og mæling á þeim áhættum sem félagið getur staðið frammi fyrir hefur verið gerð með skipulögðum hætti og er stjórn kynnt álit áhættustýringar og innra eftirlits með reglulegum skýrslum. Aðgerðir til stýringar og mildunar mögulegra áhættuþátta eru mikilvægar rekstraröryggi félagsins. Úthýsing verkefna og eftirlit með úthýsingu er einn af nokkrum mikilvægum þáttum til stýringar og mildunar áhættuatvika. Auk þess hefur áætlun um samfelldan rekstur vegna þeirrar áhættu sem getur raskað eða stöðvað rekstur félagsins tímabundið, verið skjalfest og viðbrögð kynnt starfsmönnum Stefnis. Stjórn Stefnis hefur samþykkt áhættustýringarstefnu sem var sett á grundvelli reglugerðar 471/2014 og tekur hún til áhættu eigna og eignasafna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri félagsins. Áhættuvilji félagsins hefur verið skilgreindur og fylgist stjórn Stefnis með lykilmælikvörðum í rekstri félagsins með reglubundnum hætti.

Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. febrúar 2017

Í stjórn félagsins:

Skinnur R. R. R.  
J. M.  
K. J.  
S. J.

Framkvæmdastjóri:

F. H.

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Stefni hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Stefnis hf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2016, efnahag þeirra 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Stefni hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar og stjórnháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Stefnis hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

# Áritun óháðra endurskoðenda, frh.

---

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 2. febrúar 2017.

  
**Deloitte ehf.**  
Páll Grétar Steingrímsson  
Endurskoðandi

  
Pétur Hansson  
Endurskoðandi



# Rekstrarreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir .....	4	2.051.521	2.306.048
Hreinar fjármunatekjur .....	10	( 49.560)	239.935
Hreinar rekstrartekjur		<u>2.001.961</u>	<u>2.545.983</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	11	600.590	612.531
Vörsluþóknun .....		189.000	185.239
Annar rekstrarkostnaður .....		293.579	279.198
Rekstrargjöld		<u>1.083.169</u>	<u>1.076.968</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		918.792	1.469.015
Tekjuskattur .....	12	( 177.473)	( 298.702)
<b>Hagnaður</b> .....	16	<u>741.319</u>	<u>1.170.313</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Eignir</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....		2.025.457	2.379.807
Verðbréf með föstum tekjum .....		182.075	119.232
Verðbréf samtals	5, 13	<u>2.207.532</u>	<u>2.499.039</u>
Krafa á móðurfélag .....		60.524	53.105
Viðskiptakröfur .....	7	<u>845.976</u>	<u>947.067</u>
Kröfur samtals		<u>906.500</u>	<u>1.000.172</u>
Tekjuskattseign .....	9, 17	40.360	28.696
Aðrar eignir .....		51.491	35.254
Handbært fé .....	8	<u>29.650</u>	<u>82.232</u>
Aðrar eignir samtals		<u>121.501</u>	<u>146.182</u>
Eignir samtals		<u><u>3.235.533</u></u>	<u><u>3.645.393</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		43.500	43.500
Lögbundinn varasjóður .....		10.875	10.875
Gangvirðisreikningur .....		33.818	0
Óráðstafað eigið fé .....		<u>2.360.390</u>	<u>2.652.889</u>
Eigið fé samtals	16	<u>2.448.583</u>	<u>2.707.264</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við móðurfélag .....		289.880	334.898
Viðskiptaskuldir .....		5.151	5.948
Aðrar skammtímaskuldir .....		302.782	320.891
Skattskuld .....	17	<u>189.137</u>	<u>276.392</u>
Skuldir samtals		<u>786.950</u>	<u>938.129</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>3.235.533</u></u>	<u><u>3.645.393</u></u>

# Sjóðstreymisyfirlit 2016

	Skýr.	2016	2015
<strong>Rekstrarhreyfingar</strong>			
Hagnaður .....	16	741.319	1.170.313
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbreytingar verðbréfaeignar .....		241.819	( 260.047)
Gjaldfærður tekjuskattur .....		<u>177.473</u>	<u>298.702</u>
		1.160.611	1.208.968
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....		13.511	( 302.419)
Greiddur tekjuskattur .....	17	( 276.392)	( 210.105)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>897.730</u>	<u>696.444</u>
 <strong>Fjárfestingahreyfingar</strong>			
Verðbréf með breytilegum tekjum, breyting .....		98.631	( 28.168)
Verðbréf með föstum tekjum, breyting .....		<u>( 48.943)</u>	<u>6.505</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<u>49.688</u>	<u>( 21.663)</u>
 <strong>Fjármögnungarhreyfingar</strong>			
Greiddur arður .....	16	<u>( 1.000.000)</u>	<u>( 900.000)</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		<u>( 1.000.000)</u>	<u>( 900.000)</u>
 <b>Breyting á handbæru fé</b> .....		<u>( 52.582)</u>	<u>( 225.219)</u>
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>82.232</u>	<u>307.451</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....	8	<u><u>29.650</u></u>	<u><u>82.232</u></u>

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Almennar upplýsingar

Stefnir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Aðsetur Stefnis er að Borgartúni 19, Reykjavík og kennitala félagsins er 700996-2479.

Stefnir hf. er dótturfélag í eigu Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Stefnis hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Hægt er að nálgast samstæðureikninginn á vefnum, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).

Ársreikningurinn fyrir B hluta Stefnis er saminn í samræmi við nýjar reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem tóku gildi 1. janúar 2016. Hinar nýju reglur hafa hvorki í för með sér breytingar á mati eigna né rekstrarniðurstöðu sjóðanna

### 3. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 4. Umsýslu- og árangurstengdar þóknarir

Félagið fær eignastýringarþóknun fyrir rekstur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða Stefnis hf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign, heildareignum eða áskriftarloforðum hvers sjóðs og innifelur eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu. Einnig fær félagið þóknun fyrir rekstur samlagshlutafélaga sem stofnuð hafa verið um framtaksfjárfestingar. Þá sér rekstrarfélagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir. Auk þess fær félagið áranurstengdar bóknarir.

### 5. Verðbréf

#### a. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði og eignarhlutir í fjárfestingarfélögum eru metnir á innra virði í lok ársins. Skráð hlutdeildarskírteini eru eignfærð á markaðsverði í lok ársins.

#### b. Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs sé ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf útgefanda sem metinn er rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í lok árs.

Við mat skuldabréfs útgefanda sem ekki er metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum frá sambærilegum félögum, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hafi ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá útgefanda skuldabréfs, sem hefur áður verið niðurfært að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Vegna mikillar óvissu um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í lok árs.

# Skýringar, frh.

## 6. Erlend viðskipti

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags, skv. gengisveitu Reuters. Erlendar eignir og skuldir eru færðar á gengi í lok ársins. Eignir í erlendri mynt umfram skuldir nema 598 milljónum króna í lok ársins og greinast þannig:

	EUR	USD	GBP	Aðrar myntir
Eignir .....	563.211	5.890	28.555	145
Skuldir .....	0	0	0	0
Nettó staða 31.12.2016 .....	563.211	5.890	28.555	145
Nettó staða 31.12.2015 .....	628.787	18.184	15.745	180
Árslokagengi ISK 31.12.2016 .....	119,18	112,90	139,38	
Árslokagengi ISK 31.12.2015 .....	141,28	130,08	191,84	

## 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni virðisrýrnun.

## 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 9. Tekjuskattseign

Útreikningur frestaðrar tekjuskattseignar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna niðurfærslu á verðbréfaeign og myntgengismunar sem dreift er á þrjú ár í samræmi við skattalög.

## 10. Hreinar fjármunatekjur

2016

2015

Hreinar fjármunatekjur greinast þannig:

Verðbreytingar verðbréfaeignar .....	( 150.742)	300.904
Arðstekjur .....	190.951	3.968
Myntgengismunur .....	( 104.315)	( 75.585)
Vaxtatekjur .....	14.592	10.870
Vaxtagjöld .....	( 46)	( 222)
Hreinar fjármunatekjur .....	( 49.560)	239.935

## 11. Laun og tengd gjöld og starfsmannamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	465.020	474.757
Launatengd gjöld .....	135.570	137.774
Laun og tengd gjöld samtals .....	600.590	612.531
Fjöldi starfsmanna í lok ársins .....	21	23
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu .....	21	23

# Skýringar, frh.

<b>11. Laun og tengd gjöld og starfsmannamál, frh.</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>
Laun og hlunnindi stjórnenda félagsins greinast þannig:		
Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri .....	35.228	30.330
Hrund Rudolfsdóttir, formaður stjórnar .....	6.665	6.138
Kristján Jóhannsson, varaformaður stjórnar .....	3.585	2.640
Jökull H. Úlfsson, meðstjórnandi .....	3.585	2.640
Þórður Sverrisson, meðstjórnandi .....	5.163	2.640
Ragnhildur Sophusdóttir .....	2.450	0
Svava Bjarnadóttir, meðstjórnandi .....	1.089	4.356
Laun og hlunnindi samtals .....	<u>57.765</u>	<u>48.744</u>

Laun fjögurra lykilstjórnenda námu samtals 96,9 milljón kr. (89,7 milljónir kr. árið 2015). Laun tveggja fulltrúa utan stjórnar í endurskoðunarnefnd námu samtals 1,1 milljón kr. (1,7 milljón árið 2015).

Stjórn félagsins hefur samþykkt starfsreglur um kaupauka í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 700/2011 og eru þær staðfestar af FME. Á árinu 2016 voru gjaldfærðar 63,9 milljónir kr. (98,8 milljónir kr. árið 2015) vegna kaupaukakerfis að launatengdum gjöldum meðtöldum. Greiðslu 40% kaupaukans er frestað um þrjú ár í samræmi við reglur FME. Í árslok var uppsöfnuð skuldbinding frá árinu 2013 vegna kaupaukakerfis 145,9 milljónir kr. (154,8 milljónir kr. í árslok 2015).

<b>12. Tekjuskattur</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>
Tekjuskattur til greiðslu .....	189.137	276.392
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu .....	( 11.664)	22.310
Tekjuskattur samtals .....	<u>177.473</u>	<u>298.702</u>

## 13. Verðbréf

Verðbréf með breytilegum tekjum eru óskráð og greinast þannig:

Hlutdeildarskírteini útgefin af sjóðum reknunum af Stefni hf. ....	1.918.168	2.091.003
Eignarhlutir í fjárfestingarfélögum .....	107.245	283.901
Eignarhlutir í hlutafélögum .....	44	4.903
	<u>2.025.457</u>	<u>2.379.807</u>

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skráð á Nasdaq OMX Íslandi:

Útgefin af opinberum aðilum .....	7.065	8.414
-----------------------------------	-------	-------

Óskráð:

Útgefin af opinberum aðilum .....	2.626	3.127
Útgefin af öðrum .....	172.384	107.691
	<u>182.075</u>	<u>119.232</u>

Verðbréf samtals .....	<u>2.207.532</u>	<u>2.499.039</u>
------------------------	------------------	------------------

# Skýringar, frh.

## 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Stefnis hf. eru móðurfélagið, Arion banki hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum bankans, sjóðir í rekstri, stjórn og lykilstjórnendur Stefnis.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Viðskipti við tengda aðila 2016:

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Samstæða Arion banka .....	186.961	430.291	112.690	289.880
Sjóðir í rekstri Stefnis .....	2.196.371	0	276.069	0
	<u>2.383.332</u>	<u>430.291</u>	<u>388.760</u>	<u>289.880</u>

Viðskipti við tengda aðila 2015:

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Samstæða Arion banka .....	185.565	312.519	145.554	334.898
Sjóðir í rekstri Stefnis .....	2.218.961	0	285.170	0
	<u>2.404.526</u>	<u>312.519</u>	<u>430.724</u>	<u>334.898</u>

## 15. Eignir í stýringu

Eignir viðskiptamanna í eignastýringu hjá sjóðum Stefnis hf. námu 408 milljörðum króna í lok ársins samanborið við 400 milljarða króna í lok árs 2015.

## 16. Eigið fé

a. Hlutfé félagsins er 43,5 milljónir kr. í árslok og er óbreytt frá árslokum 2015 þar sem hver hlutur nemur 1 krónu.

b. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2015 .....	43.500	10.875	0	2.382.576	2.436.951
Greiddur arður .....	0	0	0	( 900.000)	( 900.000)
Hagnaður .....	0	0	0	1.170.313	1.170.313
Eigið fé 31.12.2015 .....	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>0</u>	<u>2.652.889</u>	<u>2.707.264</u>
Eigið fé 1.1.2016 .....	43.500	10.875	0	2.652.889	2.707.264
Greiddur arður .....	0	0	0	( 1.000.000)	( 1.000.000)
Hagnaður .....	0	0	0	741.319	741.319
Gangvirðisreikningur .....	0	0	33.818	( 33.818)	0
Eigið fé 31.12.2016 .....	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>33.818</u>	<u>2.360.390</u>	<u>2.448.583</u>

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjármálgæringum tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á. Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu eru ekki fyrir hendi.

# Skýringar, frh.

## 16. Eigið fé, frh.

- c. Arðsemi eigna, reiknuð sem hagnaður eftir skatta sem hlutfall af meðalstöðu eigna á árinu skv. efnahagsreikningi nam 22,4% fyrir árið 2016. Arðsemi eigna félagsins á árinu 2015 nam 34,2%.
- d. Eigið fé í lok árs er 2.449 milljónir kr. eða 75,7% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 75,0% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Hlutfallið reiknast þannig:

	2016	2015
Heildar eigið fé .....	2.448.583	2.707.264
Skatteign .....	( 40.360)	( 28.696)
Eiginfjárgrunnur .....	<u>2.408.223</u>	<u>2.678.568</u>
Heildar eiginfjárfkrafa greinist þannig:		
Útlánaáhætta .....	209.162	243.573
Markaðsáhætta .....	47.824	53.032
Eiginfjárfkrafa .....	<u>256.986</u>	<u>296.605</u>
Eiginfjárlutfall .....	75,0%	72,2%

## 17. Tekjuskattseign (-skuld)

Tekjuskattseign (-skuld) breytist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun .....	( 247.696)	( 159.099)
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 177.473)	( 281.073)
Reiknaður fjársýsluskattur ársins .....	0	( 17.629)
Greiddur tekjuskattur .....	<u>276.392</u>	<u>210.105</u>
Tekjuskattseign (-skuld) í lok ársins .....	<u>( 148.777)</u>	<u>( 247.696)</u>

Skiptist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu .....	( 189.137)	( 258.763)
Fjársýsluskattur til greiðslu .....	0	( 17.629)
Frestuð tekjuskattseign .....	<u>40.360</u>	<u>28.696</u>
Tekjuskattseign (-skuld) í lok ársins .....	<u>( 148.777)</u>	<u>( 247.696)</u>

Frestuð tekjuskattseign skiptist þannig á milli liða:

Verðbréfaeign .....	25.646	25.646
Frestun gengishagnaðar .....	18.948	11.579
Varúðarniðurfærsla .....	( 9.228)	( 10.079)
Aðrir liðir .....	<u>4.994</u>	<u>1.550</u>
Frestuð tekjuskattseign í lok ársins .....	<u>40.360</u>	<u>28.696</u>

Skattsskuld skiptist þannig á milli liða:

Reiknaður tekjuskattur ársins .....	189.137	258.763
Sérstakur fjársýsluskattur .....	<u>0</u>	<u>17.629</u>
Skattsskuld í lok ársins .....	<u>189.137</u>	<u>276.392</u>



# Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2017

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Stefnis hf. (Stefnir) er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins og ákvæðum 19. gr. laga 161/2002, sbr. 12. gr. laga 75/2010. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfa, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. og meginreglur G20/OECD um stjórnarhætti fyrirtækja frá 2015 voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti Stefnis var samin. Báðar heimildir má nálgast á heimasíðu Stefnis.

Stefnir var á árinu 2012 fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin er veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að undangenginni ítarlegri úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG ehf. Stefnir hefur hlotið endurnýjun viðurkenningarinnar með reglubundnum hætti og er eins og áður til fyrirmyndar á Íslandi þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Stjórn Stefnis telur góða stjórnarhætti vera veigamikinn þátt í árangri Stefnis sem leiðandi sjóðastýringarfyrirtækis á Íslandi. Stjórnarháttir sjá fyrirtækjum fyrir ramma þar sem markmið eru skilgreind, hvaða töl skulu notuð til að ná þeim markmiðum og hvernig árangur markmiðanna er mældur. Góðir stjórnarháttir eiga að stuðla að réttum hvötum stjórnar og stjórnenda til að sækja þau tækifæri sem þjóna hagsmunum fyrirtækisins, hluthöfum og almennings, jafnframt því sem góðir stjórnarháttir auðvelda einnig stjórn að sinna eftirlitshlutverki sínu á skilvirkan hátt.

Stefnir er sjálfstætt starfandi fjármálfyrirtæki skv. lögum 161/2002. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóði skv. lögum 128/2011. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 408 milljarða króna í virkri stýringu. Stefnir hefur á að skipa 21 starfsmanni með mikla reynslu af starfi á fjármálamörkuðum.

Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. Félagið er að fullu í eigu bankans og tengdra félaga. Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis er liður í að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa og annarra hagaðila en þá má m.a. skilgreina sem; hlutdeildarskírteinishafa í sjóðum sem Stefnir rekur, aðila sem þjónusta og koma að rekstri Stefnis, starfsmenn, auk almennings.

Starfsemi félagsins eru settar þröngar skorður af hálfu löggjafans. Um starfsemina gilda m.a. lög um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002 og lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði nr. 128/2011. Stefnir sætir eftirliti FME skv. lögum númer 87/1998.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn hefur sett sér áhættustefnu fyrir félagið. Stefnan er unnin á ensku en í lauslegri þýðingu er hún svo hljóðandi:

„Stjórn Stefnis er meðvituð um að áhættustýring og innra eftirlit eru ein af meginstoðum ábyrgs sjóðareksturs. Með því að setja fram skýra áhættustefnu vill stjórnin ýta undir og styðja við fyrirtækjamenningu innan Stefnis, sem einkennist af ríkri áhættuvitund. Jafnframt er tilgangurinn að koma skýrum skilaboðum til allra hagaðila félagsins.

Öll rekstartengd áhætta innan Stefnis er greind reglubundið og metin. Félagið hefur komið sér upp tækjum og tólum til að fylgjast með og skila greiningu á viðkomandi áhættuþáttum. Félagið býr jafnframt yfir stjórnartækjum, sem samanstanda af reglum, ferlum og kerfum, sem bæði sinna innra eftirliti og draga úr einstökum áhættuþáttum. Stefnir hefur auk þess komið sér upp ferlum sem miða að því að viðhalda óskertri starfsemi og þjónustu, þrátt fyrir umtalsverðar rekstrartruflanir. Með vönduðum innri stjórnarháttum vill stjórnin tryggja að innri ferlar og áhættustýringarkerfi séu innleidd á öllum sviðum starfsemi Stefnis.“

Áhættuvilji félagsins var skilgreindur á árinu og var sú vinna byggð á alþjóðlegum fyrirmyndum sem aðlagðar voru að íslenskum aðstæðum og félaginu. Endurskoðunar- og áhættunefnd félagsins skipaði veigamikil hlutverk í undirbúningsvinnu við skilgreiningu á áhættuviljanum og þolmörkum hans. Stjórn Stefnis mun árlega taka áhættuvilja félagsins til endurskoðunar með tilliti til breytinga í innra og ytra umhverfi félagsins.

Regluvörslu, innri endurskoðun og áhættustýringu að hluta er útvistað til Arion banka með leyfi FME. Forstöðumenn viðkomandi sviða kynna reglulega niðurstöður úttekta fyrir stjórn Stefnis og endurskoðunar- og áhættunefnd. Innra eftirlit og áhættustjórnun er í höndum umsjónarmanns áhættustýringar sem tilheyrir rekstrarteymi félagsins. Allar eftirlitsaðgerðir eru skjalaðar, farið er yfir þær með reglubundnum hætti innan teymisins og er endurskoðunar- og áhættunefnd kynnt framvinda eftirlitsaðgerðanna.

# Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2017, frh.

---

Uppbygging og skipulag innri stjórnarháttanna eru lykilkættir í að stuðla að skilvirkri stjórn félagsins, aðskilnaði starfa og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Innri stjórnarháttir Stefnis hafa verið metnir með tilliti til leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2016 og telur stjórn að félagið starfi eftir þeim viðmiðum sem þar eru sett fram sem besta framkvæmd varðandi innri stjórnarhátti.

Reikningsskil félagsins eru í höndum fjármálasviðs Arion banka, en Stefnir hefur fengið leyfi FME fyrir útvistun til sviðsins. Arion banki er jafnframt vörslufyrirtæki Stefnis og eru gengisútreikningar sjóða í rekstri Stefnis í höndum bankans. Endurskoðunar- og áhættunefnd tekur uppgjör félagsins til skoðunar og fær álit ytri endurskoðanda á hálfárs- og ársuppgjörum Stefnis og þeirra sjóða sem Stefnir rekur. Skýrslugjöf til stjórnar vegna reikningsskila er í höndum nefndarinnar en stjórn hittir einnig ytri endurskoðendur félagsins, Deloitte ehf.

Kennisetningar Stefnis hafa verið mikilvægt leiðarljós fyrir starfsmenn og stjórn í daglegum störfum sem unnu sameiginlega að skilgreiningu þeirra.

Fyrsta kennisetning Stefnis er „árangur í krafti kunnáttu“ en það lýsir því að styrkur okkar felst í öflugri samsetningu þekkingar, reynslu, faglegra stjórnunarháttanna og faglegrar stýringar sjóða. Vönduð vinnubrögð, ábyrgð og áreiðanleiki leggja grunn að árangri til langframa. Þannig stöndum við traustan vörð um hagsmuni viðskiptavina.

Önnur kennisetning Stefnis er „metnaður til að skara fram úr“ og lýsir það því að við erum framsækin, áræðin og kraftmikil og förum hiklaust nýjar leiðir að settu marki. Frjð hugsun, metnaður og fjárhagslegt bolmagn leggja grunn að forystu okkar í þróun nýrra fjármálaafurða. Þannig sköpum við mikilvæg sóknarfæri til að skara fram úr í þágu viðskiptavina.

Þriðja og síðasta kennisetning Stefnis er „stöndum saman í sterku liði“ lýsir því að verklag okkar einkennist af skýrt mótaðri teymisvinnu, gagnkvæmri virðingu og góðum liðsanda þar sem við styðjum hvert annað í starfi. Við erum þekkt fyrir vel ígrundaðar ákvarðanir sem við endurskoðum markvisst og metum á nýjum forsendum. Þannig háværkum við samvirkni öflugrar liðsheildar til að tryggja viðskiptavinum afburða þjónustu.

Kennisetningar félagsins endurspeglar að nokkru þau siðferðisviðmið sem stjórn og starfsmenn vinna eftir en önnur viðmið um sama efni má einnig finna í ráðningarsamningum, stefnu um hagsmunaárekstra og starfsreglum stjórnar.

Félagið hefur ekki formlega stefnu um samfélagslega ábyrgð en stjórn Stefnis hefur í stefnumótun sinni og skilgreiningu á hlutverki sínu lagt áherslu á mikilvægi þess að hagsmunir viðskiptavina, eigenda, starfsmanna og þjóffélagsins í heild séu hafðir að leiðarljósi við stýringu sjóða og rekstur félagsins. Ábyrgir og fjölbreyttir fjárfestingarkostir og ítarleg upplýsingagjöf eru lykiltríði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagslegu ábyrgðar sem félagið vill sýna.

Stefnir hefur innleitt stefnu um hagsmunaárekstra. Markmið stefnunnar er að vernda viðskiptavinum og sjóðsfélaga, auk þess að standa vörð um óhæði og orðspor félagsins og starfsmanna þess. Stefnan gildir um stjórnarmenn jafnt og starfsmenn og í stefnunni felst að félagið geri allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina og sjóðsfélaga. Á heimasíðu Stefnis má finna úrdrátt úr stefnunni auk annarra reglna sem snúa að takmörkun á hagsmunaárekstrum s.s. reglum um viðskipti starfsmanna Stefnis.

Stjórnarmenn Stefnis eru fimm og eru varamenn tveir. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Arion banka hf., móðurfélagi Stefnis, og félaginu sjálfu. Allir stjórnarmenn eru kjörnir á hluthafafundi félagsins. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og sinnir daglegum rekstri félagsins í þeirra umboði. Stjórnarfundir eru haldnir reglulega, að jafnaði mánaðarlega, en oftast ef þurfa þykir. Lögfræðingur Stefnis er ritari stjórnar auk þess sem hann veitir stjórnarmönnum lögfræðilega ráðgjöf á stjórnarfundum. Stjórnarfundir á árinu voru 13 og var stjórn í öllum tilvikum ákvörðunarbær. Starfsreglur og starfsáætlun stjórnar Stefnis má finna á heimasíðu félagsins auk samþykktar félagsins.

Í stjórn Stefnis eru óháðir stjórnarmenn Hrund Rudolfsdóttir, formaður, forstjóri Veritas, Kristján Jóhannsson, varaformaður, stjórnarformaður Icepharma hf., og Þórður Sverrisson, sjálfstætt starfandi. Háðir stjórnarmenn er Jökull H. Úlfsson, forstöðumaður Mannauðs hjá Arion banka hf. og Ragnhildur Sophusdóttir, lögmaður hjá Arion banka hf. Hrund Rudolfsdóttir hefur átt sæti í stjórn frá árinu 2009, Kristján Jóhannsson tók sæti í stjórn í júní 2011, Jökull H. Úlfsson tók sæti í stjórn í mars 2013, Þórður Sverrisson í mars 2014 og Ragnhildur Sophusdóttir í mars 2016. Frekari upplýsingar um stjórnarmenn Stefnis er að finna á heimasíðu félagsins.

# Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2017, frh.

Varamenn eru Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, sviðsstjóri hjá Arion banka hf., og Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Endurskoðunar- og áhættunefnd, var skipuð af stjórn í apríl 2016, Formaður nefndarinnar er Þórður Sverrisson, stjórnarmaður Stefnis. Aðrir nefndarmenn eru Kristján Jóhannsson, stjórnarmaður Stefnis og Sigríður Guðmundsdóttir, innri endurskoðandi hjá Marel hf. Endurskoðunar- og áhættunefnd hélt sjö fundi á árinu 2016. Nefndin var í öllum tilvikum ákvörðunarbær. Hlutverki endurskoðunar- og áhættunefndar auk starfsreglna hennar var breytt á árinu 2016 samhliða innleiðingu á breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Nefndarmenn eru óháðir félaginu og nýtist fjölbreytt þekking þeirra á rekstri félaga, endurskoðun og stjórnun vel í starfi nefndarinnar. Nefndin skilar árlegri skýrslu sinni til stjórnar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Starfsreglur nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu Stefnis.

Í starfskjaranefnd Stefnis skipaði stjórn Stefnis í apríl 2016 þau Hrund Rudolfsdóttur formann, Jökul H. Úlfsson og Þórður Sverrisson sem nefndarmenn. Helsta hlutverk nefndarinnar er að undirbúa tillögu að starfskjarastefnu, vinna tillögur um laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra, annarra stjórnenda og stjórnar Stefnis. Nefndin sinnir einnig fjölda eftirlitsþátta tengdum málefnum starfskjara og mannauðs. Starfskjaranefnd hélt sex fundi á árinu 2016 og var í öllum tilvikum ákvörðunarbær. Nefndin vinnur eftir starfsreglum sínum og hefur sett sér starfsáætlun fyrir starfsárið. Starfsreglur starfskjaranefndar eru ekki birtar með opinberum hætti. Nefndin skilar árlegri skýrslu sinni til stjórnar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Starfskjarastefnu félagsins má finna á heimasíðu þess.

Ekki er starfrækt tilnefningarnefnd hjá félaginu.

Stjórnarmenn Stefnis tóku allir þátt í að móta og skilgreina meginhlutverk sitt með eftirfarandi hætti:

*Meginhlutverk stjórnarinnar er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að félagið sé leiðandi aðili meðal sjóðastýringarfyrirtækja og að hagsmunir viðskiptavina, eigenda, starfsmanna og þjóffélagsins í heild séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmarkuð. Stjórnin leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að starf stjórnar og félagsins sé ávallt samkvæmt lögum, reglum og góðum viðskiptaháttum.*

Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum félagsins.

Árlega metur stjórn störf sín og gerir tillögur að úrbótum. Framkvæmdastjóri er ekki viðstaddur matið og stjórnarformaður vikur af fundi þegar stjórnarmenn leggja mat á frammistöðu hans. Matið í heild er svo tekið saman, tillögum stjórnar um úrbætur úthlutað til ábyrgðaraðila og verklokátími skilgreindur fyrir hvern þátt um sig.

Framkvæmdastjóri félagsins frá 1. júlí 2009 er Flóki Halldórsson 43 ára B.A. í hagfræði frá Háskóla Íslands og MBA frá CBS í Kaupmannahöfn. Flóki hefur víðtæka reynslu af fjármálamörkuðum og stjórnun. Flóki á sæti í stjórnnum félaga sem tengjast rekstri Stefnis, hann eða tengdir aðilar eiga enga eignarhluti eða kauprétti í félaginu. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur félagsins þar sem farið er að þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið sbr. 1 mgr. 68 gr. hfl. Hann ber ábyrgð á upplýsingagjöf til innri og ytri eftirlitsaðila. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem fylgja starfsemi félagsins. Framkvæmdastjóra ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir. Framkvæmdastjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn og fylgjast með því að sú eftirfylgni sé skilvirk. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins, aðra en þá sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 161/2002, og veitir þeim lausn. Starfsreglur stjórnar eru settar með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki og 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög. Efni reglnanna styðst að nokkru leyti við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktir félagsins auk þess sem sú vinna sem unnin hefur verið hjá félaginu vegna vottunar félagsins sem fyrirmyndarfyrirtækis í góðum stjórnarháttum hefur verið mikilvægt innlegg.

